

Minnisblað gjaldkera v/ viðgerða á suðurgafli haustið 2022

Verkefnið

Ákveðið var að ráðast í viðgerð á gafli húss okkar eftir stjórnarfund í Ágúst og vinna verkið hratt enda benti forskoðun til þess að ekki væri hægt að fara inní annan vetur án þess að eiga á hættu síðar að verkið yrði mögulega umfangsmeira og þarafleiðandi kostnaðarsamara.

Samhliða þessari ákvörðun var ákveðið að slá á frest kaup á fjórhljónum sem átti að vera til afhendingar á vormánuðum 2023.

Verkið gekk hratt og vel. Margir félagsmenn komu að verkinu eins og hægt var hverju sinni td. niðurrit, uppsetning á vinnupöllum og ekki síst að leita góðra kjara hjá þeim tengiliðum sem menn höfðu. Allsstaðar fengum við góðar viðtökur og settu fyrirtæki og einyrkjar okkar þarfir í forgang til að skila af sér verki á okkar tíma. Fengnir voru verktakar til að vinna smíðavinnuna á staðnum. Setja nýja glugga og gler í og klæða.

Kostnaður

Erfitt var að kostnaðarmeta verkefnið í upphafi en flljótlega var ákveðið að vinna útfrá 4.000.000 kr,- áætlun. Ákveðið var á seinni stigum að leggja fyrir myndavélum og rafmagni fyrir lýsingu.

Búið er að gera upp alla reikninga sem hafa borist. Áætlað er að 200-300þ. kostnaður sé eftir v/vinnu við stiga, skilti og lýsingu.

Utan þessarar áætlunar er búið að ákveða að setja allt að 200þ. í myndavélakerfi á útisvæðinu en það er gert til að reyna sporna við frekari olíupjófnad í tækjum sveitarinnar sem ekki komast inní hús.

Lokaorð

Nýjar merkingar utáná húsið eru í vinnslu en mikilvægt er að það takist vel til enda ljóst að húsið sést vel frá þjóðveginum og þarf að standa vel að því verki.

Verkefnið gekk mjög vel og ekki sjálfgefið að halda áætlun þegar óvissan var mikil í upphafi. Æskilegt er að tengiliður sveitarinnar leiti til sveitarfélagsins sem einnig fer með 25% eignarhlut í húsinu til aðstoðar við þessa stóru viðgerð. Auðvitað er erfitt að koma eftir á til samninga en það er skilda okkar að taka samtalið og þreifa á þessu. Í því samhengi nefni ég að 25% af 3.8M er 950þ. og það væri frábært að landa því og / eða vilyrði fyrir frekari samstarfi á húsnæðinu um ókomin ár.

Kostnaður	áætlað	Raun	frávik kr	frávik %
Gluggar og hurð	500.000 kr	399.280 kr	-100.720 kr	-20%
Gler	200.000 kr	210.454 kr	10.454 kr	5%
Smiðir, vinna	2.000.000 kr	2.083.200 kr	83.200 kr	4%
Efni, ýmsir	750.000 kr	751.045 kr	1.045 kr	0%
Efni, klæðning	250.000 kr	252.060 kr	2.060 kr	1%
Merkingar	100.000 kr			
Annað	100.000 kr	26.561 kr	-73.439 kr	-73%
Uppsetning á stiga	100.000 kr		-100.000 kr	-100%
	4.000.000 kr	3.722.600 kr	-277.400 kr	-7%

Vinnupalla fáum við lánað hjá Kidda án kostnaðar

Fjármagnað

fjárhagsáætlun 2022 **0 kr**

verk er ekki á fjárhagsáætlun.

Fresta þarf öðrum verkefnum til að standa straum af kostnaði.

Efni		Greiðslur v/ vinnu	
Húsamíðjan	493.483 kr	Guðgeir Hoffmann	600.000 kr
ÞH Blikk (áætlað)	150.000 kr	A-hús 9.11	1.200.320 kr
Redder ehf	30.347 kr	Guðgeir Hoffmann	282.880 kr
Fagkaup ehf	27.215 kr		
Fossraf ehf (áætlað)	50.000 kr		
	751.045 kr		2.083.200 kr

